

Nd.

130. Frumvarp til laga

[125. mál]

um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. bætist svohljóðandi málsliður:

Enn fremur getur fjármálaráðherra ákveðið að laun, þar með talin reiknuð laun, undir ákveðinni fjárhæð skuli ekki falla undir staðgreiðslu.

2. gr.

2. másl. 1. mgr. 9. gr. falli niður.

3. gr.

2. másl. 1. mgr. 11. gr. orðist svo:

Skattkort þessi skulu gerð samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir hendi eru við frumgerð þjóðskrár hinn 1. nóvember þess árs sem næst fer á undan staðgreiðsluári.

4. gr.

3. mgr. 11. gr. orðist svo:

Á skattkorti skal, auk upplýsinga sem um getur í 1. og 2. mgr., koma fram staðgreiðsluhlutfall, sbr. 1. mgr. 9. gr., og upplýsingar um persónuafslátt viðkomandi launamanns sé um hann að ræða, sbr. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Ráðherra getur í reglugerð sett ákvæði um hlutfallslega skiptingu persónuafsláttar sem draga skal frá staðgreiðslu á hverju greiðslutímabili.

5. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ef launamaður sem er móttakandi greiðslna frá eða á vegum Tryggingastofnunar ríkisins óskar ekki sérstaklega eftir öðru getur ríkisskattstjóri fyrir upphaf staðgreiðsluárs afhent Tryggingastofnun ríkisins skattkort hans. Telst hún þá aðallaunagreiðandi viðkomandi launamanns. Í slíkum tilvikum er ríkisskattstjóra enn fremur heimilt að gefa út aukaskattkort til launamanns vegna þess hluta persónuafsláttar sem fyrir sjáanlegt er að ekki nýtist á móti þeim greiðslum sem viðkomandi launamaður fær frá Tryggingastofnun ríkisins. Fjármálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar.

6. gr.

1. másl. 1. mgr. 12. gr. orðist svo:

Fyrir upphaf staðgreiðsluárs ber launamanni að afhenda launagreiðanda sínum skattkort sitt til vörslu og telst hann þá aðallaunagreiðandi hans.

7. gr.

Við 12. gr. bætast þrjár málsgreinar, sem verða 4., 5. og 6. mgr., svohljóðandi:

Nýti launamaður, sem er annað hjóna eða aðili í sambúð, sbr. 1. mgr. 13. gr., að jafnaði ekki persónuafslátt sinn að fullu hefur hann rétt til þess að krefjast útgáfu aukaskattkorts frá skattstjóra. Reynist krafa launamanns réttmæt ber skattstjóra að gefa út til hans aukaskattkort þar sem tilgreina skal þann persónuafslátt sem fyrir sjáanlegt er að launamaður nýtir ekki.

Ríkisskattstjóra er heimilt að gefa út skattkort til námsmanna sem stundað hafa nám á vorkissiri og lítt eða ekkert hafa nýtt persónuafslátt sinn eða flutt yfir til maka, sbr. 1. mgr. 13. gr., til nota samhliða aðalskattkorti skv. 1. mgr. 11. gr. Námsmannaskattkort skal gilda í þrjú mánuði.

Ef launamaður hefur eigi nýtt meira en 10% af persónuafslætti sínum þegar komið er fram yfir mitt staðgreiðsluár eða flutt hann yfir til maka, sbr. 1. mgr. 13. gr., er honum heimilt að sækja um útgáfu skattkorts sem hefur uppsafnaðan persónuafslátt frá ársbyrjun staðgreiðsluárs til næsta mánaðar á undan útgáfudegi. Ríkisskattstjóri annast útgáfu skattkorts með uppsöfnuðum persónuafslætti.

8. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. bætist nýr málslíður er orðist svo:

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til aukaskattkorta maka sem gefin verða út skv. 4., 5. og 6. mgr. 12. gr.

9. gr.

1. másl. 2. mgr. 14. gr. orðist svo:

Greiðslutímabil reiknaðs endurgjalds, sbr. 2. tölul. 5. gr., til launamanns, sbr. ákvæði 2. tölul. 4. gr., telst hver einstakur almanaks mánuður staðgreiðsluársins, sbr. þó heimild skattstjóra samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 20. gr.

10. gr.

15. gr. orðist svo:

Þegar ákvörðun launa launamanns fyrir hvert greiðslutímabil, að meðtöldu orlofsfé, er lokið skal bætt við þau skattskyldum hlunnindum samkvæmt mati ríkisskattstjóra, sbr. 116. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Af þannig ákvörðuðum launum greiðslutímabilsins ber launagreiðanda að reikna staðgreiðslu launamanns vegna greiðslutímabilsins að teknu tilliti til persónuafsláttar skv. A-lið 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og sjómannaafsláttar skv. 2. mgr. B-liðs sömu greinar þar sem hann á við. Staðgreiðsla skal dregin af launum launamanns og skilað til innheimtuaðila, sbr. 2. mgr. 20. gr.

Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda sem innheimt eru skv. 35. gr.

Afhendi launamaður ekki launagreiðanda skattkort sitt skal ekki tekið tillit til persónuafsláttar við ákvörðun staðgreiðslu, sbr. 68. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

11. gr.

Í stað 1. mgr. 16. gr. komi tvær málsgreinar svohljóðandi:

Afdráttur opinberra gjalda af launum skal fara fram þegar laun eru borguð út eða færð launamanni til tekna vegna ákveðins greiðslutímabils, sbr. 14. gr.

Þegar laun eða hluti launa, svo sem greiðslur fyrir yfirvinnu, ákvæðisvinnu, aflahlut og aflaverðlaun, koma ekki til uppgjörðs fyrr en að loknu því greiðslutímabili sem krafa til þessara launa myndast að fullu eða hluta skulu þau talin til launa þess greiðslutímabils, enda fari uppgjör þeirra fram innan 14 daga frá lokum þess. Fari uppgjörð fram síðar teljast greiðslur þessar til þess greiðslutímabils er uppgjörð fer fram í og miðast afdráttur þá við það tímabil.

12. gr.

2. mgr. 20. gr. orðist svo:

Greiðslur skv. 1. mgr. skal inna af hendi til gjaldheimtu eða annars innheimtuaðila, sbr. 109. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, í því umdæmi þar sem launagreiðandi á

lögheimili. Með greiðslum skal fylgja sundurliðuð skilagrein frá launagreiðanda á þar til gerðu eyðublaði. Launagreiðandi skal skila skilagrein mánaðarlega enda þótt engin greiðsla fylgi. Skattstjóri getur heimilað aðilum, sem eingöngu reikna sér, maka sínum og börnum endurgjald, sbr. 2. tölul. 4. gr., að gera skil einu sinni á ári enda séu reiknuð laun undir tilteknu lágmarki samkvæmt sérstökum reglum er ríkisskattstjóri setur.

13. gr.

Við 28. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Sé skilafé vanreiknað eða laun dregin undan má gera launagreiðanda að greiða vanskilafé sex ár aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar endurreikningur fer fram. Fari fram rannsókn við embætti ríkisskattstjóra eða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins á skilum launagreiðanda nær heimild til endurreiknings til sex ára aftur í tímann, talið frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

14. gr.

29. gr. orðist svo:

Vanskilafé, álag og sektir samkvæmt þessum kafla skal innheimt af innheimtuaðila, sbr. 20. gr., í því umdæmi þar sem skuldari á lögheimili.

Vanskilafé, álag og sektir njóta lögtaksréttar í eignum skuldara. Vanskilafé og álag skv. 28. gr. skal við skipti á þrotabúum og skuldafrágöngubúum skipað í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878.

Innheimtuaðili getur látið lögreglu stöðva atvinnurekstur launagreiðanda sem ekki gerir fullnægjandi skil á skilafé eða álagi skv. 28. gr. innan 15 daga talið frá eindaga eða frá úrskurði skattyfirvalda um vanskil og álag, með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil eru gerð.

Innheimtuaðili skal senda skilagrein til skattstjóra yfir fé er hann hefur móttakið samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Innheimtu vanskilafé og álagi skal haldið aðgreindu á sérstökum reikningi þar til sundurliðuð skilagrein berst frá launagreiðanda.

15. gr.

31. gr. orðist svo:

Sektir skv. 30. gr. skulu úrskurðaðar af sektarnefnd sem skipuð skal einum fulltrúa frá ríkisskattstjóra og tveimur fulltrúum sem fjármálaráðuneytið tilnefnir, nema málinu sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Ríkisskattstjóri sendir sektarnefnd mál til úrskurðar. Við meðferð mála hjá sektarnefnd skal veita sakborningi færi á að halda uppi vörnum. Úrskurðir sektarnefnda eru fullnaðarúrskurðir og fylgir þeim ekki vara-refsing.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Ríkisskattstjóri getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum svo og eftir ósk sakbornings ef hann vill eigi hlíta því að mál hans verði afgreitt af sektarnefnd skv. 1. mgr.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála og skulu rekin fyrir sakadómi. Greiðslukröfu má hafa uppi, rannsaka og dæma í slíkum málum, sbr. XVII. kafla laga um meðferð opinberra mála, eftir því sem við á.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er sektarnefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags eftir lögum þessum. Einnig má beita ákvæðum 3. mgr. 29. gr. eftir því sem við á.

Sök skv. 30. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra eða Rannsóknarlögreglu ríkisins enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

16. gr.

Við 34. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo:

Skilafé vegna staðgreiðslu launamanns á tekjuári gengur einungis á móti álagningu tekjuskatts og útsvars á þær tekjur er staðgreiðslan nær til, sbr. 1. gr., óháð annarri greiðslustöðu launamanns hjá ríki, sveitarfélögum eða öðrum gjaldkrefjendum, sbr. þó 2. mgr. 36. gr.

17. gr.

35. gr. orðist svo:

Ríkisskattstjóri gerir innheimtuskrá yfir þá gjaldendur sem reynast skulda opinber gjöld að lokinni álagningu skattstjóra. Skráin sýni skatta þeirra og gjöld eftir að tekið hefur verið tillit til skuldajöfnunar milli hjóna samkvæmt ákvæðum 114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. enn fremur 32. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Innheimtuskrá skal senda viðkomandi innheimtuaðila.

Skattar er renna til ríkissjóðs nefnast þinggjöld en skattar til sveitarsjóða sveitarsjóðsgjöld. Á innheimtuskrá skal taka þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld sem skattstjórum ber að leggja á.

18. gr.

36. gr. orðist svo:

Ríkisskattstjóri gerir endurgreiðsluskrá yfir þá gjaldendur sem reynast eiga inni eftirstöðvar af staðgreiðslu að lokinni álagningu og skuldajöfnun milli hjóna samkvæmt ákvæðum 114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. enn fremur 32. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Endurgreiðsluskrá skal send fjármálaráðuneyti sem sér um endurgreiðslu fyrir hönd ríkissjóðs og sveitarfélaga eftir að skuldajöfnun á móti gjaldföllum þinggjöldum og sveitarsjóðsgjöldum hefur farið fram.

19. gr.

Í 2. mgr. 37. gr. komi í stað „3. mgr. 35. gr.“: 2. mgr. 35. gr.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1987. Þau ákvæði þeirra, er snerta framkvæmd eða undirbúning framkvæmdar á árinu 1987, koma til framkvæmdar á því ári, eftir því sem við á.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir að lög um staðgreiðslu opinberra gjalda höfðu verið samþykkt á Alþingi á öndverðu þessu ári var hafist handa um að undirbúa framkvæmd þeirra.

Gerðar voru nauðsynlegar breytingar á skipulagi embættis ríkisskattstjóra með stofnun sérstakrar staðgreiðsludeildar og til hennar ráðinn forstöðumaður og fleira starfsfólk. Undirbúningsvinna hefur að mestu hvílt á starfsmönnum þeirrar deildar, ríkisskattstjóra og öðru starfsfólki hans, en tengist að sjálfsögðu öðrum aðilum, svo sem Ríkisbókhalði, skattstofum, Skýrsluvélum ríkisins og Reykjavíkurborgar, sveitarfélögum o.fl.

Fjármálaráðuneytið skipaði í apríl sl. nefnd til að annast samræmingu við undirbúning staðgreiðslunnar. Sú nefnd er skipuð aðilum frá fjármálaráðuneytinu og embætti ríkisskattstjóra, frá Ríkisbókhalði, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og frá Skattstjórafélagi Íslands.

Nefnd þessi hefur fylgst með undirbúningsstarfinu og gert tillögur um ýmis atriði er framkvæmdina snerta. Að tillögu þessarar nefndar var sérstökum starfshópi, sem í eru fulltrúar ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Gjaldheimtu, Ríkisbókhalds og embættanna innheimtumanna, falið að undirbúa móttöku staðgreiðslufjár. Hlutverk hópsins er m.a. að undirbúa gjaldheimtur og innheimtumenn, skipuleggja samskipti þeirra við staðgreiðslukerfi ríkisskattstjóra og gera tillögur um skil innheimtuaðila á staðgreiðslufé svo og tillögur um skipulag gjaldheimtusvæða.

Eins og fram kom á Alþingi sl. vetur þegar lög um staðgreiðslu og lög henni tengd voru til umfjöllunar var þá þegar ákveðið að unnið skyldi í nefnd milli þinga að frekari athugun á ýmsum atriðum staðgreiðslunnar og breytinga á tekjuskattslögunum. Nefnd þessi var skipuð sl. sumar og hóf störf í byrjun september.

Nefndina skipa: Kjartan Jóhannsson frá Alþýðuflokki, sem jafnframt er formaður, Ragnar Árnason frá Alþýðubandalagi, Óli P. Guðbjartsson frá Borgaraflokki, Sigurgeir Bóasson frá Framsóknarflokki, Kristín Sigurðardóttir frá Kvennalista, Geir H. Haarde frá Sjálfstæðisflokki, Björn Þórhallsson frá Alþýðusambandi Íslands, Ólafur Nilsson frá Vinnuveitendasambandi Íslands og Indriði H. Þorláksson frá fjármálaráðuneytinu.

Með nefndinni hafa einnig starfað Björn Björnsson, aðstoðarmaður fjármálaráðherra, Snorri Olsen, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri, Ævar Ísberg vararíkisskattstjóri og Skúli E. Þórðarson, forstöðumaður staðgreiðsludeildar.

Nefnd þessi hefur skilað fjármálaráðherra fyrstu álitargerð sinni. Kemur þar fram að nefndin hefur í fyrsta áfanga starfs síns snúið sér að þeim þáttum málsins er varða tæknilega framkvæmd og skipulagningu staðgreiðslunnar. Nefndin fór yfir þau atriði af þessum toga sem fram hafa komið við undirbúning staðgreiðslunnar og gerði tillögur um breytingar á lögunum í samræmi við niðurstöður sínar.

Frumvarp þetta er í öllum meginatriðum byggt á tillögum nefndarinnar auk þess sem nokkur atriði eru sótt í tillögur þess starfshóps sem fjallar um gjaldheimtur.

Sá starfshópur hefur einnig skilað fyrstu álitargerð. Gerir hann þá megingintillögu að stefnt verði að stofnun gjaldheimtna er taki til allra sveitarfélaga á landinu og annist innheimtu skatta og gjalda til ríkis og sveitarfélaga. Tillaga þessi er í samræmi við sjónarmið sem fram hafa komið hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í frumvarpi þessu er þó ekki tekin afstaða til þessara tillagna. Þar sem þær taka til margra atriða annarra en staðgreiðslumála er rétt að um gjaldheimtur verði sett sérstök lög. Í frumvarpi þessu eru hins vegar ákvæði sem miðast við að um sinn verði móttaka staðgreiðslufjár hjá þeim innheimtuaðilum sem nú annast innheimtu ríkissjóðsgjalda, þ.e. gjaldheimtum og innheimtumönnum ríkissjóðs. Ákvæði þessi eru þó þannig að ekki er nauðsynlegt að breyta þeim þótt síðar verði horfið að því fyrirkomulagi sem gjaldheimtu-hópurinn hefur lagt til.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 2. mgr. 8. gr. gildandi laga er ákveðið að fjármálaráðherra geti með reglugerð ákveðið að ákveðin laun eða ákveðin tegund launa skuli ekki falla undir staðgreiðslu. Lagt er til í þessari grein að heimild fjármálaráðherra verði víkkuð þannig að hún nái einnig til launa undir ákveðinni fjárhæð án tillits til hverrar tegundar þau eru, þar með talið til reiknaðra launa. Sem dæmi má nefna greiðslu launa undir ákveðnu lágmarki sem ekki eru frádráttarbær hjá greiðanda, svo sem greiðslur heimila fyrir heimilishjálp, ræstingu og barnagæslu og launagreiðslur aðila sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 5.–7. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt ef heildarlaunagreiðslur slíkra aðila eru undir ákveðnu lágmarki.

Varðandi reiknuð laun undir ákveðinni fjárhæð er einkum horft til manna sem eru í fullu starfi sem launþegar en hafa í takmörkuðum mæli tekjur sem teljast til tekna af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. B-lið 7. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Í þessum tilvikum þykir það flækja staðgreiðsluferfið að taka þar inn aðila með öllum þeim skyldum sem og ábyrgð er því fylgir þegar eingöngu er um lágar fjárhæðir að ræða.

Um 2. gr.

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga eru tímamörk um birtingu þeirrar reglugerðar sem kveður á um innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu. Þau tímamörk þarf að miða við þann tíma sem nauðsynlegur er vegna gerðar skattkorta, sbr. athugasemdir um 3. gr. hér á eftir. Ekki er talin þörf á frekari tilkynningu til ríkisskattstjóra en felst í birtingu reglugerðar.

Um 3. gr.

Gerð skattkorta þarf að vera lokið í nóvember til þess að launagreiðandi geti tekið við kortunum og komið þeim í launakerfi sín í tæka tíð fyrir upphaf staðgreiðsluárs. Nauðsynlegt er því að miða við stöðu þjóðskrár mun fyrr en nú er fyrir mælt í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 45/1987. Er því lagt til að miðað verði við frumgerð þjóðskrár hinn 1. nóvember. Rétt þykir að áréttta sérstaklega að hér er aðeins um að ræða viðmiðun sem varðar útgáfu á skattkortum. Menn verða áfram skattlagðir við álagningu þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember á tekjuári, sbr. 90. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Um 4. gr.

Í lagagreininni er breyting á þeim upplýsingum sem fram skulu koma á skattkorti. Ástæða þykir til að tala um eitt staðgreiðsluhlutfall sem skv. 9. gr. núgildandi laga er skatthlutfall tekjuskatts og innheimtuhlutfall útsvars. Er þetta m.a. til að áréttta við launagreiðendur að við útreikning skatts þurfi þeir einungis að nota eitt skatthlutfall.

Um 5. gr.

Frá Tryggingastofnun ríkisins kom fram ábending um að nauðsynlegt væri að stofnunin fengi skattkort greiðslumóttakenda beint til sín frá ríkisskattstjóra, enda sé oft um að ræða aðila sem gætu átt í erfiðleikum með að sjá sjálfir um afhendingu skattkorta sinna.

Samkvæmt þessari grein getur ríkisskattstjóri enn fremur skipt aðalskattkorti launamanns þannig að Tryggingastofnun ríkisins fái aukaskattkort launamannsins í sína vörslu ef þannig stendur á að fjárhæð þeirra bóta, sem stofnunin greiðir, er það lág að aðeins er þörf á hluta persónuafsláttar til að koma í veg fyrir skattgreiðslur. Þær breytingar, sem gerðar eru tillögur um í greininni, fela í sér þjónustu af hálfu skattyfirvalda við þessa aðila.

Um 6. gr.

Með þessari lagagrein er skylda launamanns til afhendingar á skattkorti til launagreiðanda flutt fram fyrir byrjun staðgreiðsluárs í stað núgildandi ákvæða. Ástæða þess er sú nauðsyn að launagreiðendum gefist nægilegt ráðrúm til þess að koma upplýsingum skattkortanna fyrir í launakerfum sínum.

Um 7. gr.

Með þessari lagagrein er rýmkuð heimild fyrir ríkisskattstjóra til að gefa út viðbótar-skattkort. Tilvikin má flokka í þrennt:

1. Rýmkuð eru skilyrði fyrir útgáfu aukaskattkorta þegar þannig háttar að annað hjóna, eða sambúðaraðili, er tekjulítið.

2. Heimiluð er útgáfa sérstakra skattkorta til námsmanna. Tilgangur þessa ákvæðis er að leitast við að tryggja sem best að skattafsláttur nýtist námsmönnum. Gildistími námsmannaskattkorts er takmarkaður við þrjá mánuði.
3. Heimiluð er útgáfa skattkorts með uppsöfnuðum persónuafslætti þegar launamaður hefur ekki nýtt persónuafslátt sinn að ráði þegar komið er fram yfir mitt staðgreiðsluár. Síðasttöldu skattkortin eru nokkuð frábrugðin öðrum skattkortum þar sem í stað mánaðarlegs afsláttar ber skattkortið með sér hver hinn ónýtti og uppsafnaði persónuafsláttur launamannsins er á útgáfudegi skattkortsins. Launagreiðanda er ætlað við ákvörðun skatts að ganga á afsláttinn eins og þörf er á til að forðast skattgreiðslur fyrstu gildismánuði skattkortsins. Þannig minnkar afslátturinn frá mánuði til mánaðar uns hann er uppurinn.

Um 8. gr.

Tilgangur þessa ákvæðis er að opna möguleika á því að aukaskattkort sem gefið er út skv. 12. gr., sbr. um 7. gr. hér að framan, nýtist maka með sama hætti og aðalskattkort.

Um 9. gr.

Vísað er til heimildar skattstjóra samkvæmt lokamálslið 2. mgr. 20. gr., sbr. athugasemdir með 11. gr. frv.

Um 10. gr.

Annars vegar er á grein þessari gerð breyting sem leiðir af breytingu á innheimtu aðila skv. 20. gr., sbr. 11. gr. frv. Hins vegar er í nýrri 2. mgr. bætt við að sjómannaafsláttur komi til frádráttar reiknaðri staðgreiðslu þar sem það á við. Þessi breyting felur í sér ákvörðun um að taka sjómannaafsláttinn inn í staðgreiðsluna.

Í greinina er einnig bætt ákvæði um að afdráttur vegna staðgreiðslu njóti forgangs umfram eldri skattaskuldir og innheimtu annarra álagðra gjalda. Ákvæði sem þetta er talið nauðsynlegt til að tryggja einfalda framkvæmd og vegna ákvæða um viðurlög vegna vanskila á staðgreiðslufé.

Um 11. gr.

Gerð er tillaga um að tekin verði upp sú meginregla að afdráttur staðgreiðslu og þar með nýting persónuafsláttar á hverju greiðslutímabili miðist við þau laun sem greidd eru fyrir það enda fari útborgun fram eigi síðar en 14 dögum eftir lok þess. Dragist greiðsla lengur telst hún, að því er staðgreiðslu varðar, til þess greiðslutímabils þegar útborgun fer fram.

Um 12. gr.

Í breytingunni felst að skilafé verði greitt til gjaldheimtu eða innheimtumanns ríkissjóðs. Enn fremur felur lokamálsliður greinarinnar í sér heimild til handa skattstjóra til þess að leyfa einyrkjum í atvinnurekstri, sem eingöngu starfa við rekstur sinn og fá ekki laun annars staðar frá, að gera skil vegna reiknaðra launa einu sinni á ári, enda séu reiknuð laun það lág að ekki komi til afdráttar staðgreiðslu vegna þeirra vegna nýtingar persónuafsláttar samkvæmt skattkorti. Þessi tillaga er gerð af hagkvæmnisástæðum, en ætlast er til þess að aðilar sækji sérstaklega um þetta frávik til skattstjóra og afgreiði hann málið eftir nánari reglum sem ríkisskattstjóri setur.

Um 13. gr.

Ákvæði vantar um tímamörk endurreiknings í þeim tilfellum þegar skilafé hefur verið vanreiknað eða laun dregin undan staðgreiðslu. Greinin er efnislega í samræmi við lokamálsgrein 21. gr. laga um söluskatt.

Um 14. gr.

Ekki er ákveðið í gildandi lögum hvar skipa beri vanskilafé, álagi og sektum í skuldaröð í þrotabúum og skuldafrágöngu. Hér er lagt til að vanskilafé og álagi verði skipað í skuldaröð skv. 82. gr. laga nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., en um sektir gilda önnur ákvæði þeirra laga.

Rök fyrir því að skipa vanskilafé í skuldaröð skv. 82. gr. nefndra laga eru helst þau að vanskilafé er vörslufé sem dregið hefur verið af launum starfsmanna og er haldið með ólögmetum hætti hjá launagreiðanda. Ekki er rétt að aðrir kröfuhafar hagnist vegna ólögmetra athafna skuldarans, sem yrði, hafi vanskilafé ekki þann forgang sem lagt er til.

Um 15. gr.

Breyting greinarinnar felur í sér að sektarúrskurðir vegna þeirra brota á staðgreiðslulögum, sem um er fjallað í 30. gr., verði ekki í höndum ríkisskattstjóra eins heldur í verkahring sérstakrar nefndar sem í sitji fulltrúar fjármálaráðuneytisins og ríkisskattstjóra. Óeðlilegt hefur þótt að sá aðili, sem stjórnar framkvæmd laganna, ákveði einnig einn sektir fyrir brot á þeim. Hins vegar er nauðsynlegt að sektarákvörðun gangi fljótt fyrir sig.

Úrskurður sektarnefndar er fullnaðarúrskurður á stjórnarsýslustigi. Vilji sakborningur ekki una úrskurði sektarnefndar getur hann borið málið undir dómstóla. Enn fremur er rétt að vekja athygli á því að hér er ekki um að ræða úrskurði um álagningu skatta eða sektir tengdar henni. Um slík mál fjallar ríkisskattanefnd og dómstólar eftir því sem ákveðið er í lögum um tekju- og eignarskatt.

Um 16. gr.

Grein þessi er sett til frekari áréttingar á þeirri meginreglu sem fram kemur m.a. í 1. gr. laganna. Skuldi launamaður t.d. opinber gjöld frá fyrra ári er ljóst að staðgreiðsla, sem skilað er vegna hans, gengur ekki til greiðslu á þeirri skuld. Þó er gert ráð fyrir að eftirstöðvum staðgreiðslu megi jafna á móti skuldum að lokinni álagningu, sbr. 36. gr.

Um 17. gr.

Greinin er 35. gr. umorðuð og felur ekki í sér breytingu.

Um 18. gr.

Greininni er breytt á þann veg að fjármálaráðuneytið annist endurgreiðslu og skuldajöfnun eftir að ríkisskattstjóri hefur gert endurgreiðsluskrá.

Um 19. gr.

Breytingin leiðir af breytingu á orðalagi 35. gr.

Um 20. gr.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1987, um gildistöku laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, skulu lög um staðgreiðslu opinberra gjalda taka gildi 1. janúar 1988, sbr. þó 3. gr. þeirra laga. Rétt þykir því að taka sérstaklega fram að þau ákvæði þessa frumvarps er snerta undirbúning staðgreiðslunnar nú í haust komi til framkvæmda á þessu ári eftir því sem við á.